

Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands b/s 69. stjórnarfundur 25. september 2008 kl. 16:00 í Hermes á Reyðarfirði, 4. fundur stjórnar á árinu.

Mætt eru: Svanhvít Aradóttir, Þráinn Lárusson, Sigurbjörn Marinósson, Halldóra D. Hafþórsdóttir og Einar B. Kristbergsson.

Dagskrá:

- 1. Undirbúningur fyrir aðalfund**
- 2. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

1. Undirbúningur fyrir aðalfund

Sigurbjörn kynnti drög að ársreikningi fyrir árið 2007. Stjórnarmenn ræddu einstaka liði og fóru yfir reikninginn. Stjórnin gerir ekki athugasemdir við reikninginn og undirritaði hann. Elfa Rúnarsdóttir stjórnarmaður staðfesti með tölvupósti 25. sept 2008, að hún hefði skoðað ársreikninginn 2007 og gerði engar athugasemdir við hann. Þá fóru fundarmenn yfir fjárhagsáætlun 2009 og samanburð þeirrar áætlunar við fjárhagsáætlun 2008 og ársreikning 2007. Í áætlun fyrir 2009 er gert ráð fyrir 1,1% hækkun framlaga.

Fyrir fundinn þarf að klára:

- skýrslu formanns
- tilnefningar vegna stjórnarkjörs

2. Önnur mál.

- a) Sigurbjörn vildi vekja athygli á fundi 7. október á Egilsstöðum þar sem á að kynna nýja menntastefnu, nýju grunnskólalögin, reglugerðir o.fl.
- b) Bréf frá lögfræðingi Samb. ísl. sveitaf. vegna gjaldtöku fyrir skólamáltíðir. Þar er úrskurðað að sveitafélögum sé það heimilt.
- c) Bréf til forstöðumanna varðandi starfsmannamál í grunnskólum. Þar er farið yfir ýmis mál. Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 16:55

Svanhvít Aradóttir (sign)
Þráinn Lárusson (sign)
Halldóra D. Hafþórsdóttir (sign)
Sigurbjörn Marinósson (sign)
Einar B. Kristbergsson (sign)